

Fundargerð nr. 203

203. fundur stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga haldinn að Eyravegi 9 Selfossi, 27.9.2022 kl. 8:15.

Mætt: Kjartan Björnsson, Erla Sif Markúsdóttir, Helga Sighvatsdóttir og Jóhann I. Stefánsson. Sveinn Ingi Sveinbjörnsson sat fundinn á Teams.

1. Áætlun Tónlistarskóla Árnesinga fyrir árið 2023.

Farið yfir áætlunina, engar róttækar breytingar frá fyrra ári. Engar athugasemdir frá stjórnarmönnum og lagt í hendur skólastjórnenda að koma þessu í áframhaldandi farveg.

2. Húsnæðismál.

Það þrengir að á flestum stöðum og kennsla fer t.d. að mjög litlu leyti fram í Vallaskóla á skólatíma. Oft heilmikið púsluspil að koma kennslu að á morgnana. Mikilvægt er að vera á tánum varðandi húsnæðismál og passa upp á plássið okkar.

3. Kennslustaðaheimsóknir Selfossi, Hveragerði, Þorlákshöfn.

4. Önnur mál.

Varðandi starfsmannamál þá leystist allt farsællega. Fjórir kennarar létu að störfum í haust og fjórir kennarar komu inn í staðinn.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 9:00/ ESM

*Kjartan Björnsson,
Erla Sif Markúsdóttir,
Sveinn Ingi Sveinbjörnsson,
Helga Sighvatsdóttir,
Jóhann I. Stefánsson*